

heimili & hönnun

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI]

desember 2011

Epli, popp og sykurstafir

Sigríður Heimisdóttir skrifar um uppruna jólaskrautsins.

SÍÐA 4



Leikföng úr lerki

Hjónin Guðrún Valdimarsdóttir og Oddur Jóhannsson hanna skemmtilega kubba.

SÍÐA 2



MÓDERN

Stofnunin í 201 Hlíðveggi • 101 7777 • www.modern.is



FRAMTÍÐIN BJÖRT Í BERLÍN

Tinna Pétursdóttir og Ingvi Þór Guðmundsson reka hönnunar-
fyrirtækið Dottir & Sonur í höfuðborg Þýskalands.

BLS. 6



Ryksugu vélmenni

Verð frá 64.990



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

NÝTT UNDIR SÓLINNI



● **SILKIPRYKKTUR TEXTÍLL** Hjónin Þorbjörg Helga Ólafsdóttir, grafískur hönnuður og Sæþór Örn Ásmundsson vídeóhönnuður reka fyrirtæki undir nafninu Farvi í kringum eigin verk og vörur. „Þetta eru jólakort, merkimiðar, silkiprykktir bolir, silkiprykkt verk og annað gúmmelaði,“ segja þau. „Við höfum það að leiðarljósi að nota vönduð og helst umhverfisvæn efni, skiptum við Svansvottaðar prentsmiðjur og handprikkjum allt textílefni.“ Þúðar með grafikerki er glæný afurð. Verkið

heitir Droplaug og er selt í 10 eintökum Hjónin eru með vinnustofu að Laugavegi 13 (fyrir ofan Tiger) og verður opið hús milli 12 og 19 í dag.

● **MY TEAPOT** Litríkar keramikvörur frá hollenska hönnuðinum Anouk Jansen hafa vakið mikla athygli og birtast oftsinnis í skandinavískum hönnunartímaritum. Hér á landi fást tekatlar, bollar og sykurlör frá fyrirtæki hennar, Jansen+co, til að mynda í Kokku. Fyrirtækið er í eigu Anouk og eiginmanns hennar, Harm Magis. Þessi teketill tilheyrir línu sem kallast My Teapot.



● **HANDOFNIR KOLLAR** Ísraelski hönnuðurinn Yaacov Kaufman, stofnandi gaga&design, er þekktur fyrir framúrstefnulega hönnun. Nýjustu afurðir hans höfða þó vel til almennings og þjóna hversdagslegum þörfum. Þetta eru snæriskollar og stólar sem eru handofnir upp á gamla máttann. Hann leggur ríka áherslu á sterka liti og fást þeir í ýmsum litasamsetningum. Sjá nánar á www.gagaanddesign.com/



Hjónin Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuður og Oddur Jóhannsson grunnskólakennari ásamt drengjunum sínum Torfa og Stíg. Þau hönnuðu leikfangakubba úr íslensku lerki úr Hallormsstaðarskógi. FRETTLAÐIÐ/STEFAN

Íslenskt lerki í leikföng

● Hjónin Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuður og Oddur Jóhannsson grunnskólakennari hönnuðu kubba úr íslensku lerki með styrk úr Nýsköpunarsjóði Landsbankans.

„Verkefnið hófst í sumar og er á lokastigi. Oddur framleiðir kubba sjálfur og þeir fást nú í Epal,“ segir Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuður, en hún og eiginmaður hennar Oddur Jóhannsson grunnskólakennari fengu styrk úr Nýsköpunarsjóði Landsbankans í haust til að framleiða leikfangakubba úr íslensku lerki úr Hallormsstaðarskógi.

Oddur ólst upp í sveit og lék sér oft með afgangsspýtukubba sem féllu til við smíði fjárhúss. Þau Guðrún útbjuggu kubba fyrir fjögurra ára son sinn og upp úr því spratt hugmyndin um framleiðslu.

„Við prófuðum okkur áfram með viðartegundir og var síðan bent á lerkið. Lerkið er mjög fallegur viður og mikið líf í því,“ útskýrir Guðrún. „Kubbarnir eru ómálaðir og allir eins en passa í hlutföllum saman, það er að breiddin gengur upp í lengdina þegar þeim er raðað saman. Við gátum prufukeyrt kubba á stráknum okkar í framleiðsluferlinu og hann byggir úr þeim heilu kastalana,“ segir Guðrún.

Fyrr í vikunni kom einnig á markaðinn lína af kertastjökum úr mahóní eftir Guðrúnu og Odd, sem þau kalla

Gíg. Kertastjakarnir eru í þremur stærðum, fyrir sprittkerti og handmálaðir að ofan í nokkrum litum. Þá segir Guðrún frekari útfærslu á mahónístjökum fyrir hærri kerti á teikniborði þeirra hjóna og verða þeir frumsýndir á HönnunarMars.

„Svo er mögulega ný litapaletta væntanleg í glerhellunum okkar Öldu Halldórsdóttur,“ segir Guðrún, en hellurnar unnu þær Alda fyrir glerverksmiðjuna Samverk á Hellu. Hellurnar eru framleiddar úr afskurði sem fellur til í verksmiðjunni og henta sem litlir bakkar, fylgidiskar eða skurðarbretti. Þá segir

Guðrún mögulegan útflutning á hellunum á döfnni.

„Þær þreifingar eru þó á byrjunarstigi og ekkert komið á fast en þetta er allt mjög spennandi.“

-rat





Ný lína kertastjaka úr mahóní eftir Guðrúnu og Odd kom á markað í vikunni og fæst í Epal og Hrími. Þá er von á nýrri litapalettu í glerhellunum sem Guðrún hannaði ásamt Öldu Halldórsdóttur fyrir fyrir glerverksmiðjuna Samverk á Hellu.



pop-up í Hörpu

● **HÁTÍÐAR POP-UP VERZLUN** markaður íslenskra hönnuða verður haldinn í dag og á morgun í Hörpu.

Á markaðnum verður fjölbreytt úrval af hönnunarvörum frá yfir þrjátíu hönnuðum, meðal annars frá fatahönnuðum, vöruhönnuðum og grafískum hönnuðum. Meðal hönnuða sem taka þátt er Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður, en þúðarnir NotKnot eftir hana hafa vakið athygli hönnunarbloggeranna um allan heim. Af öðrum vörum fyrir heimilið má nefna sængurver og klukkur en auk þess verða á boðstólum jólatengdar vörur eins og skraut, pappír og kort. Pop-up markaðurinn verður opin frá klukkan 12 til 18 í dag og á morgun.



● **Forsíðumynd:** Ari Magg tók mynd af hönnun Tinnu Pétursdóttur og Inga Þórs Guðmundssonar **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ívar Örn Hansen s. 512 5429 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.

Humar og humarsúpa frá Grími í forréttinn - góður kostur með hátíðarmatnum

Hátíðar kveðjur Grímur kokkur

ego dekor

HETTHI
Stækkanleg eikarborð



Stærð: 160 (248)X100cm
Verð: 169.900,-

Stærð: 200(288)X110cm
Verð: 189.900,-



WIND Tungusófi
Stærð: 292x167 -Skrautpúðar fylgja

Verð: 244.000,-

Tilboðsverð: 195.200,-

-20%




PEGASO stóll
Verð: 18.900,-



TOPAZ leðurstóll
Tilboðsverð: 14.365,-



TWIST leðurstóll
Verð: 16.900,-



HETTHI Eikarskenkur

Stærð: 180X45XH:125cm

Verð: 195.000,-

MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM

-15%



LUND

4ra sæta og skemill
Stærð: 290 cm
Verð: 229.000,-

Tilboðsverð: 194.650,-

-15%



KUND tungusófi

Stillanlegir höfuðpúðar
Stærð: 303X165

Verð: 265.000,-

Tilboðsverð 225.250,-

-20%



MARGARET tungusófi

Stærð: 286X172

Verð: 245.000,-

Tilboðsverð 196.000,-



JANE
armstóll
Verð: 29.900,-



BAR Lady Rock
Verð: 105.000,-



RONNE stóll
Verð: 29.900,-

COMO
Svart vengi



ERIC skenkur
Breidd: 170cm

Verð: 139.900,-



CARLO borðstofuborð

Stærð: 220X100

Verð: 108.000,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

Uppruni jólaskrautsins

● Heimili víðs vegar um heiminn verða fyrir skrautárás um jólin. Híbýli manna eru skreytt að utan sem innan og ekkert herbergi sleppur, ekki einu sinni þaðherbergið. En hvernig stendur á því að við drögum í hús afskorið tré og hlöðum það skrauti?

Hefðin fyrir jólatrjám er rakin til heiðinna há-tíðahalda, en talið er að sú útfærsla sem við þekkjum nú hafi orðið til í Þýskalandi á 18. öld. Áður fyrr voru tré skreytt með eplum, poppkorni á þræði, sykurstöfum og smákökum en um 1850 byrjuðu glerblásarar í Lauscha í Þýskalandi að útbúa festar úr gleri, kúlur og aðrar figúrur sem skraut á jólatré. Þessir litlu hlutir vöktu mikla athygli og eftir að myndir af jólatré Viktoríu Bretlandsdrottningar skreyttu jólaskrauti birtust í bresku dagblaði jukust vinsældir glingursins verulega.

Árið 1880 hófst sala glerskrautmunnanna í Ameríku í verslunum Woolworths og þá má segja að jólaskrautið hafi orðið að almenningsvöru.

Hefðirnar eru eins margar og þær eru mismunandi. Enn í dag tíðkast til dæmis í Danmörku að nota lifandi ljós á jólatréð.

Önnur dönsk hefð sem við Íslendingar höfum tileinkað okkur síðustu ár er að safna jólaórum frá Georg Jensen. Árlega kemur nýr órói eftir danskan hönnuð og hefur gert síðan 1984 og þær eru ófáar íslensku fjölskyldurnar sem eiga þá alla.

Sigríður Heimisdóttir.

Svenskt Tenn í Svíþjóð framleiðir sigilda hönnun fyrir jólin sem og aðrar árstíðir.

2011 Gjörlingur 90er Jul 2011

Rosentahl er gamalgróð danskt fyrirtæki sem er þekkt fyrir skrautmuni af ýmsu tagi og framleiddi þetta jólaskraut í minningu danska rithöfundarins Karinar Blixen.

Jólaóróinn 2011 frá Georg Jensen.

Ógleymanleg ævisaga

Lífsjátning Guðmundu Elíasdóttur er einstaklega opinská og áhrifamikil ævisaga sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.



Hvað er ég að hnýsast í ævi Guðmundu Elíasdóttur, sorgir hennar og gleði? En það geri ég einmitt og mér til mikillar ánægju í þokkabót...

...Það er ekki margt hægt að segja um svona bók. Það er aðeins hægt að lesa hana, gleypa hana í sig. Og hún mun seint gleymast.

Illugi Jökulsson

Ævisaga Guðmundur Elíasdóttur, Mummu frá Bolungarvík, er ekki bara rakning á viðburðaríku lífi hennar. Þar er ekki bara sagt frá sigrum og árangri heldur er líka sagt frá sorg, vonleysi, ósigrum og niðurlægingu og „bömmerum“ sem eiga sér langa gleyskuhefð í ævisögum okkar Íslendinga.

Dagný Kristjánsdóttir

Ég hef lesið fjöldamargar ævisögur gegnum árin og það er sjaldgæft að þær veki með manni slíkan fögnuð og aðdáun og lestur Lífsjátningar Guðmundu Elíasdóttur.

Jóhanna Kristjónsdóttir

NÓHÖFN





Cucu 81x41sm
verð frá 59.900,-



Ný sending!




Cucu 70x34sm
verð frá 26.900,-



Cucu 34x18sm
verð frá 12.900,-

Þjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.



PIPIKOTVA - SA - 102327

Opnunartími um helgina
Laugardagur 17. des. 11:00-16:00
Sunnudagur 18. des. 12:00-16:00

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið alla virka daga frá 11-18 og laugardaga 11-16.

VEIÐIÞORTIÐ Úti á Granda

Opnunartímar mán.–fös. kl. 11–18. Laugard. í des. kl. 11.00–16.00.
Eftir 20. des 11–20. Sendum frítt um allt land ef keypt er fyrir 7000 kr. eða meira.



ÍSLENSKA FLUGUHNÝTINGARSETTIÐ

Frábært hnýtingarsett fyrir flugur sem eru einna mest notaðar á Íslandi. td. Snældan, Francis, Nobbler, Krókurinn, Mýslan, Peacock, Móbúto, Black killer, Peter Ross, Black Ghost og margar aðrar vinsælar flugur. **Yfir 80 laxa og silunga krókar fylgja**, vönduð klemma, góð skæri og uppskriftir með. Langveglegasta settið á markaðnum.



Verð aðeins 14.490 kr.

* Veðiportíð • Grandagarði 3 • Sími 552 9940 *




Skuggaverur úr frumskóginum sem líma má á vegg.



Veggfóður með origami-mynstri.



Bráðskemmtileg ljósakróna sett viðarkúlum. Hægt er að fá hana einlita eða marglita eins og hér.



Púðar með origami-mynstri.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

LÍFIÐ

SJÓNVARP

**TAKTU VÍSI
Á HVERJUM
MORGNU!**



vísir

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjögurur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16.
Njótíð vel

LÉTT BYLGJAN 967

Létt jólastemming

Dóttir og sonur í Berlín

● Hjónin Tinna Pétursdóttir og Ingvi Þór Guðmundsson stofnuðu fyrir ekki alls löngu hönnunarfyrtækið Dottir & Sonur. Þau hafa nýlega hrundið úr vör nýrri vörulínu en verkefnið eru fjölbreytt, allt frá vefsíðum fyrir listamenn til ljósakrónu og veggfóðurs.

„Við höfum verið að vinna saman í hinum og þessum „freelance“-verkefnum í gegnum árin en fyrir ári ákváðum við að vinna saman undir sameiginlegu nafni,“ segir Tinna Pétursdóttir, en nýlega kom á markað ný vörulína hennar og eiginmannsins, Ingva Þórs Guðmundssonar. „Ingvi er agalega sniðugur þegar kemur að nafna-smíð og hann fékk hugmyndina að því að kalla fyrirtækið okkar Dottir & Sonur.“ Í nýrri vörulínu þeirra þar gefur að líta afar fallega muni á borð við veggfóður, púða og ljós.

Tinna segir viðtökurnar við hinni nýju vörulínu hafa verið afar góðar. „Hún hefur verið að þróast og malla seinustu mánuði og er bara nýlega komin út en við höfum þegar fengið mjög góð viðbrögð.“

Þarið kynntist fyrir sjö árum. Ingvi er sjálfærður vefforritari sem vinnur hjá Grapewire í Reykjavík. Tinna lærði grafíska hönnun í Mílanó og lauk síðan meistaranámi í umbúðahönnun. „Við bjuggum saman í Mílanó í eitt ár en fluttum þá heim og stofnuðum fjölskyldu,“ segir Tinna, en þau Ingvi og börnin



Ingvi Þór og Tinna eru samhent hjón og hafa hrundið úr vör vörulínunni Dottir & Sonur.

tvö búa í Berlín í dag. „Við vildum skipta um umhverfi og víkka sjóndeildarhringinn. Berlín er mikil hönnunarborg og mikið að gera í skapandi verkefnum,“ segir hún og er ánægð með lífið.

Þau hjónin eru í fjölbreyttri hönnun; hanna vefsíður fyrir ljósmyndara, listamenn og ýmis fyrirtæki og samtök. Þá eru þau með nokkur verkefni fyrir sveitarfé-

lög auk þess sem þau hafa hannað umbúðalínur fyrir hönnuði og snyrtivöruvafyrirtæki.


Þau líta björtum augum á framtíðina. „Það er alltaf nóg að gera og mikið stuð bæði í vinnu og heima. En við erum góð saman og kunnum að njóta þess að vera til.“

Nánari upplýsingar um Dottir & Sonur er að finna á vefsíðunni www.dottirandsonur.com

STARFSFÓLK BÓKAVERSLANA MÆLIR MEÐ...

tilboð gildir til 21. des.

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2011
Bókaverslana



2.390



4.250



5.990



3.290




4.990



1.990




4.990



4.990



3.390



5.990



3.190



19.990



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18


Opið til 22.00 öll kvöld. Sími 580-5000



Áskrift í jólapakkann
 Árið 2012 kr. 4.780 + tvö síðustu blöð fylgja með
 Færst á öllum helstu blaðvöðustöðum um land allt. – Áskriftarsími 578-4800. www.rit.is



Stílhrein húsgögn sem einkenndu 6. áratuginn teiknuð og framleidd af Conran.



Hefðbundið og óhefðbundið í bland.



Frá sýningu á verkum Conrans í London.



Conran var jafnvígur á húsgögn jafnt sem nytjahluti.

MYNDIR/LUKE HAYES

MÓDERN
 Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

jól.is
 á Vísi

sögur
 uppskriftir
 gjafir leikir
 o.fl. o.fl.

VÍSIR

Snillingurinn Conran

● Bretar eiga mikinn fjársjóð í hugsjónamanninum Sir Terence Conran.

Sigga Heimis
 iðnhönnuður
 skrifar í Heimili&hönnun
 sigga@siggahemis.com



Hann lærði textilhönnun en klár-
 aði aldrei námið því honum lá svo á
 að komast út í atvinnulífið til þess
 að koma hugmyndum sínum í verk.

Hann hóf samstarf við kennara
 sinn úr skólanum og þeir einbeittu
 sér að framleiðslu á húsgögnum,
 keramíki og textíl.

Eftir nán kynni við Frakkland
 næstu ár, þar sem Conran kynntist
 einfaldleika í matargerð og hrein-
 leika í úrvali eldhúsáhalda og hrá-
 efnis, ákvað hann að kynna þennan
 lífsmáta í heimalandi sínu, Bret-
 landi.

Þessi einfaldleiki einkennir
 lífsviðhorf Conrans og það skipt-
 ir engu hvar hann kemur við,
 ávallt stýrir áhugi hans á einfald-
 leikanum verkinu.

Næstu ár tóku við sýningar og
 framleiðsla á húsgögnum og 1953
 opnaði hann sinn fyrsta veitinga-
 stað, The Soup Kitchen, þar sem
 boðið var upp á einfalda elda-
 mennsku úr eðalhræfni.

Í kjölfarið opnaði hann fleiri
 veitingastaði og stofnaði einnig
 Conran Design Group, sem ein-
 beitti sér að alls konar hönnun.

Hann lagði áherslu á að húsgögn
 og nytjahlutir ættu að vera á verði
 fyrir flesta og ekki munaðarvara.
 Þannig taldi hann bráðnaðsynlegt
 fyrir hönnuði og framleiðendur að
 taka tillit til takmarkana fram-
 leiðslunnar og að hlýða lögmálum
 hennar.



Terence Conran í upphafi ferils-
 ins í stól sem hann teiknaði og
 kallast The Weave Chair.

MYND/ RAY WILLIAMS

Þetta þótti nýstárlegur
 hugsunarháttur en sjöundi ára-
 tugurinn í Bretlandi var áratugur
 ungu kynslóðarinnar og nýjar hug-
 myndir fengu ágætis undirtektir.

Conran opnaði því árið 1964
 verslun sem hann kallaði Habitat
 vakti hún bæði athygli fyrir
 einfalda og góða hönnun og frá-
 bært verð.

Verslanakeðjan óx, veitinga-
 stöðunum fjölgaði og hönnunar-

stofa Conrans tók að sér risastór
 verkefni á heimsvísu.

Stofan og stofnandinn sjálfur
 eru enn í fullu fjöri eftir 55 ár í
 bransanum og leiðandi í hönnun
 og vörubrúun í dag. Hann varð
 átræður á árinu og í Hönnunar-
 safninu í London er skemmtileg
 sýning tileinkuð honum sem eng-
 inn ætti að láta framhjá sér fara.

Sjá nánar á www.design-museum.org.



JÓLATILBOÐ

í The Pier helgina 17.-18. des!

Opið til kl. 22:00 fram að jólum! 23. des. opið til kl. 23:00.



30-80%
af öllu jólas krauti



TILBOÐ

Takmarkað magn!

Havana borð og 4 stólar. Verð 89.960.

JÓLATILBOÐ **49.900.-**

TILBOÐ

Takmarkað magn!



TILBOÐ

Papasan stóll, ýmsir litir. Verð 19.900.

JÓLATILBOÐ **12.900.-**



JÓLATILBOÐ **11.900.-**

Ljós borðstofu-stóll með leðri. Verð 14.900.

50% Seríur og aðventuljós 50% afsláttur

TILBOÐ

Heimilisilmir 100 ml. Verð 2490.-



JÓLATILBOÐ **1590.-**

TILBOÐ

Stakir stólar. Verð 39.900-44.900.-

JÓLATILBOÐ **29.900.-**



Takmarkað magn!



the **PIER**

GLERMARKAÐUR
á Smáratorgi
Frábærar jólagjafir!
Vasar verð frá 500.-

SMÁRATORG 522 7860 • KÖRPUTORG 522 7870 • GLERÁRTORG 522 7880



LIFANDI LJÓSAKRÓNA Kertaljósakrónur japanska hönnuðarins Takeshi Miyakawa vekja óneitanlega athygli en þær brenna með tímanum upp til agna eins og önnur kerti. Þær eru til sýnis í Eyebeam art and technology miðstöðinni í New York fram yfir helgi og eins og sjá má á sýnishornunum þá skilja þær eftir sig myndarlega vaxpolla. Sé hugað vel að undirlagi og eldvörnum eru þær hin mesta prýði og eflaust gaman að kveikja á slíkri krónu við hátíðlegt tilefni.



Skurðarbrettið fást í Epal.
MYND/FANNEY LONG OG HRAFNKELL BIRGISSON

Skurðarbretti í formi fiska

Vörhönnuðirnir Fanney Long og Hrafnkell Birgisson frumsýndu á HönnunarMars línu skurðarbretta undir heitinu Cutfish. Nú eru brettin komin á markað, en þau eru íslensk framleiðsla, unnin af fyrirtækinu Fást.

„Við unnum út frá þremur fisktegundum, síld, karfa og laxi. Form brettanna markast af útlínunum fiskanna og á annarri hliðinni er útlit fiskisins fræst ofan í plastið,“ útskýrir Fanney. „Hugmyndin er að skoði sé niður á sléttu hliðinni og borið fram á munstruðu hliðinni.“ Stærð brettanna tekur mið af fiskunum en síldarbrettið er minnst, karfinn er miðstærð og laxinn stærstur. Cutfish-brettin eru framleidd úr pólýetilíni, plastefni sem notað er í fiskvinnslu, en hugmyndin kviknaði þegar Fanney valdi fyrirtækið Fást sem samstarfsaðila í kúrsi í Listaháskóla Íslands þar sem paraðir voru saman nemar og íslensk framleiðslufyrirtæki til vörupróunar.

„Fást vinnur meðal annars með pólýetilín. Efnið dregur ekki í sig vökva, það myndast ekki bakteríur í því og svo fer það einnig vel með hnífa.“



Glös eftir Timo Sarpaneva.

Hitapolin glös í nýjum búningi

Timo Sarpaneva (1926-2006) mat það sjálfur svo að þessi glös, sem kallast Timo-glösin, væru hans best heppnaða glasahönnun. Fyrir stuttu setti Design House Stockholm þessi glös í framleiðslu í nýjum búningi; með fallegu utánaliggjandi mynstri úr sílikoni. Mynstrið gerir það meðal annars að verkum að auðveldara er að nota glösin undir heita drykki því sílikonið verndar hendurnar fyrir hitanum, en glösin hafa alla tíð verið gerð úr gleri sem þolir hita.

Hvíldarstólar Nýjar sendingar
Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum



Vönduð húsgögn á **hagstæðu verði**

Sófar Ný sending frá Italsofa
Stakir sófar 3+2, hornsófar, sófasett, svefnsófar o.fl.



www.valhusgogn.is

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18




Þessar frábæru konur lesa upp fyrir okkur í dag!

Kristín Helga Gunnarsdóttir, Margrét Örnólfsdóttir, Sigrún Eldjárn, Ragnheiður Gestsdóttir, Eva María Jónsdóttir, Jónína Leósdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Arndís Þórarinsdóttir og Bergljót Arnalds

Dagskráin hefst kl. 13

Allar þessar bækur eru á **2.990** yfir helgina

ÍÐA



Brian Pilkington kemur og kennir börnum að teikna jólasveina í dag kl. 14!



Hundar frá Rauða krossi Íslands kíkja í heimsókn milli kl. 12 og 13 á morgun, sunnudag. Þeir hafa gaman að því að láta lesa fyrir sig!

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga til 22

heimili & hönnun

HEIMA VIÐ



GUÐRÚN LÁRUSDÓTTIR
VÖRUPRÓUNARSTJÓRI HJÁ NIKITA

Ég legg mest upp úr því að heimilið sé kósý og mikið af smáhlutum og listaverkum. Góð tónlist á fóninum, kertaljós og reykelsi. Það hefur heppnast svo vel að ná þessu markmiði að algengt er að gestir sofni í stofusófanum.

Eftirlætishúsgagnið mitt á heimilinu er: „Húsbóndastóllinn“ sem húsbóndinn á heimilinu fann yfirgefinn úti á götu í vesturbæ Reykjavíkur fyrir nokkrum árum.

Í augnablikinu langar mig í: Nýja borðstofustóla ... ekki verra ef þeir væru úr smiðju Vitra, hannaðir af Charles & Ray Eames (DSW) ... gæti líka alveg hugsað mér Vitra Polder Sofa.



Stofan mín væri ekki eins án: Listaverkanna eftir vini og ættingja: Óskar Thorarensen, Steinunni Þórðardóttur, Friðrik Örn, Davíð Kristófer Young, Ólaf Orra, Matthías Mogensen, Ómar Stefán og Godd. Vona að fleiri bættist í hópinn á næstunni.



Næsta framkvæmd á heimilinu verður: Að lappa upp á coca-cola-rauða skipalakkaða flísagólfíð sem er farið að flagna ... og að sjálfsgöðu að jólaskreyta ærlega um næstu helgi.

Uppi á vegg hangir: Thelonius Monk, djasspíanisti og stórbrotinn listamaður, málaður af Matthíasi Mogensen.



DÚKAR ÚR NÝJUM SÍLIKONTEXTÍL Vera Þórðardóttir fatahönnuður hefur þróað sílikontextíl í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Sílikontextílinn hefur Vera notað í hönnun á fatnaði en nú hefur hún einnig hannað dúka og diskamottur úr glæru sílikoni og Swarovski-kristöllum. Kristallarnir glitra gegnum sílikonið og gefa dúkunum hátíðlegan blæ. Hægt er að nálgast bæði dúkana og diskamotturnar í Epal í Skeifunni.

X-MAS

Í MINNINGU HERMANNS FANNARS VALGARÐSSONAR

20. DESEMBER Í KAPLAKRIKA

MUGISON - DIKTA - OF MONSTERS AND MEN - POLLAPÖNK
 REYKJAVÍK - HJÁLMAR - SÚREFNI - VICKY - SAMARIS
 1980 2011
 FRIDRIK DÓR - JÓN JÓNSSON - ENSÍMI - DR SPOCK - OURLIVES
 LAY LOW - RETRO STEFSON - BOGOMIL FONT OG FÉLAGAR



ÓKEYPIS RÚTUR HEIM

Hafnarfjarðarbær býður upp á ókeypis rútuferðir í nágrennasveitarfélögin þegar líða fer á kvöldið. Rúturnar stoppa við Ásgarð í Garðabæ, í Hamraborginni, við Kringluna og á Hlemmi. Fyrsta rútan fer klukkan 23.00, næsta klukkan 24.00 en þær síðustu að tónleikum loknum.



MIÐAVERÐ KR. 2.000.- Á midi.is
 TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 18:00